



# ***Orlofsréttur***

***Úr kjarasamningum félagsins***

***Sverrir Albertsson***

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Inngangur</b> .....  | <b>4</b>  |
| <b>Almennur samningur AFLs Starfsgreinafélags við SA</b> .....  | <b>5</b>  |
| 4.1.1. Lágmarksorlof.....   | 5         |
| Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu..... | 5         |
| 4.1.2. Lengd orlofs.....  | 5         |
| 4.1.3. Sumarorlof.....  | 5         |
| 4.1.4. Orlofslaun í banka .....   | 5         |
| 4.1.5. Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof á hverjum tíma.....   | 5         |
| 1.10.3. Launaseðlar .....   | 7         |
| 10.2. Orlofssjóður.....   | 7         |
| Orlof í sauðfjárslátrun .....   | 7         |
| Bókun um réttarstöðu starfsmanna við eigendaskipti að fyrirtæki .....   | 7         |
| <b>Samningur SGS við Fjármálaráðherra vegna starfsmanna við ríkisstofnanir</b> .....  | <b>9</b>  |
| 4.1 Lengd orlofs.....   | 9         |
| 4.2 Orlofsfé og orlofsuppbót .....  | 9         |
| 4.2.1 Orlofsfé .....  | 9         |
| 4.2.2 Orlofsuppbót.....   | 9         |
| 4.3 Orlofsárið.....   | 10        |
| 4.4 Sumarorlofstími .....   | 10        |
| 4.5 Ákvörðun orlofs .....   | 10        |
| 4.6 Veikindi í orlofi .....   | 10        |
| 4.7 Frestun orlofs.....   | 10        |
| 4.8 Áunninn orlofsréttur .....  | 10        |
| 4.9 Orlofssjóður.....   | 10        |
| <b>Samningur AFLs Starfsgreinafélags við SA vegna veitinga-og gistihúsa og hliðstæðrar starfssemi</b> .....                         | <b>11</b> |
| 5. KAFLI .....  | 11        |
| Um orlof.....   | 11        |
| 5.2. Orlof utan orlofstíma .....  | 11        |
| 5.3. Orlofsreikningar í banka .....   | 11        |
| 5.4. Veikindi í orlofi.....   | 11        |
| 5.5. Almenn ákvæði.....   | 12        |
| ...“úr fyrirtækjakafla samningsins – gr. 6.5.....   | 12        |
| <b>Samningur AFLs Starfsgreinafélags við Launanevnd Sveitarfélaganna vegna starfsfólks sveitarfélaga</b> .....                      | <b>13</b> |
| 4. Orlof .....  | 13        |
| 4.1 Lengd orlofs.....   | 13        |
| 4.2. Orlofslaun .....   | 13        |
| 4.3 Orlofsárið.....   | 13        |
| 4.4 Sumarorlofstími.....  | 14        |
| 4.5 Ákvörðun orlofs .....   | 14        |
| 4.6 Veikindi í orlofi .....   | 14        |
| 4.7 Frestun orlofs.....   | 14        |
| 4.8 Áunninn orlofsréttur .....  | 14        |
| 13.3 Orlofssjóður .....   | 14        |
| Vaktafrí sveitarstjórnastarfsmanna .....  | 15        |
| Fylgiskjal 1 – vegna vaktavinnufríá.....  | 15        |
| <b>Samningur AFLs við SA vegna iðnaðarmanna</b> .....   | <b>17</b> |
| 4. KAFLI Um orlof.....  | 17        |

|   |           |
|---|-----------|
| 4.1. Orlofslaun, orlofsfé, taka orlofs.....                                     | 17        |
| 4.2. Veikindi í orlofi.....   | 17        |
| 4.3. Orlofsauki .....   | 17        |
| 4.4. Dæmi um útreikning orlofslauna.....  | 18        |
| 12.5. Hlutastörf .....  | 18        |
| 10. gr. iðnnemar.....   | 18        |
| <b>Kjarasamningur milli Landssambands Verslunarmanna og SA .....</b>            | <b>20</b> |
| 4. Kafli Orlof.....   | 20        |
| 4.1. Orlofsréttur .....   | 20        |
| 4.2. Orlofstaka utan orlofstímabils .....                                       | 20        |
| 4.3. Orlofsauki .....   | 20        |
| 4.4. Ákvörðun orlofstöku.....   | 20        |
| 4.5. Veikindi í orlofi.....   | 20        |
| 4.6. Orlofslög .....  | 21        |
| 4.7. Fæðingarorlof.....   | 21        |
| 9.2. Orlofssjóður.....  | 21        |
| <b>Samningur AFLs við Útvegsmannafélag Austfjarða – Sjómannasamningar .....</b> | <b>22</b> |
| 1.25. Orlofsfé. ....  | 22        |
| 1.14. Frí um jól, áramót og sjómannadag.....                                    | 22        |
| 1.15. Fritökur á fiskiskipum. ....  | 22        |
| <b>Samningur AFLs við Landsvirkjun vegna virkjanaframkvæmda .....</b>           | <b>23</b> |
| 4 KAFLI .....   | 23        |
| Orlof .....   | 23        |
| <b>Samningur AFLs við ALCOA Fjarðaál .....</b>                                  | <b>23</b> |
| 4 kafli. Orlof.....   | 23        |
| 4.1 Orlofsdagar.....  | 23        |
| 4.2 Orlofslaun.....   | 24        |
| 4.3 Veikindi orlofi .....   | 24        |

## *Inngangur*

---

Ákvæði um orlof og orlofsrétt eru svipuð í flestum kjarasamningum enda byggja allir samningar á lögum nr. 30 / 1987 um orlofsrétt. Hér að aftan eru birtir orlofskaflar helstu kjarasamninga sem AFL á aðild að – en verið getur að einhver frávik séu í einstaka sérkjarasamning – en þó má ekki semja um lakari orlofskjör en lög og almennir kjarasamningar segja til um.

AFL Starfsgreinafélag hefur hingað til gert kjarasamninga á eigin vegum eða í nafni Starfsgreinasambands Íslands eða Alþýðusambands Austurlands. Þó eru oft sérákvæði fyrir Austurland þó svo að samningur sé gerður í nafni SGS.

Nánari upplýsingar um orlofsrétt veita starfsmenn félagsins eða hægt er að senda fyrirspurn á [orlofssjodur@asa.is](mailto:orlofssjodur@asa.is) og svara þá starfsmenn um hæl.

## *Almennur samningur AFLs Starfsgreinafélags við SA*

---

### *4.1. Orlof*

---

#### **4.1.1. Lágmarksorlof**

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

#### **4.1.2. Lengd orlofs**

Verkafólk sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun. Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósentan er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orfsárinu sem hefst 1. maí 2008. Hinn 1. maí 2010 lengist rétturinn eftir 10 árástarf í sama fyrirtæki í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%. Starfsmaður sem hefur fenginn aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

#### **4.1.3. Sumarorlof**

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 2. maí - 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

#### **4.1.4. Orlofslaun í banka**

Stéttarfélagum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur, að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, greiði launþega áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.

#### **4.1.5. Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof á hverjum tíma.**

Við andlát starfsmanns skal áunnið orlof hans greitt til dánarbús hans með innborgun á launareikning eða með öðrum hætti.

### *4.2. Veikindi í orlofi*

---

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga). Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og

standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

## 5.5. Heimil frávik

---

Heimilt er með samkomulagi í fyrirtæki, milli starfsmanna og fyrirtækis, að aðlaga ákvæði sammingsins þörfum vinnustaðarins með frávikum varðandi eftirgreinda efnisþætti, enda náist samkomulag um endurgjald starfsmanna.

a) Sveigjanlegt dagvinnutímabil. Heimilt er að semja um að dagvinnutímabil verði frá kl. 07:00-19:00.

b) Fjögurra daga vinnuvika. Heimilt er að ljúka fullum vikulegum vinnuskilum dagvinnu á fjórum virkum dögum þegar lög eða aðrir samningar hamla því ekki.

c) Vaktavinna. Heimilt er að taka upp vaktavinnu með minnst tveggja vikna fyrirvara. Vaktatímabil standi ekki skemur en einn mánuð í senn.

d) Yfirvinnuálag í dagvinnugrunn. Heimilt er að færa hluta yfirvinnuálags í dagvinnugrunn.

e) Orlof fyrir yfirvinnu. Heimilt er að semja um að safna saman yfirvinnutímum og taka í stað þeirra orlof í jafn margar klukkustundir á virkum dögum utan háannatíma fyrirtækisins. Yfirvinnutímarnir koma til uppsöfnunar og greiðast síðar í dagvinnu en yfirvinnuálagið er greitt út.

f) Neysluhlé. Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag neysluhléa en greinir í aðalkjarasamningi.

g) Orlof. Heimilt er að ráðstafa hluta orlofs til að draga úr starfsemi eða loka á tilteknum dögum utan annatíma fyrirtækis.

h) Afkastahvetjandi launakerfi. Heimilt er að þróa afkastahvetjandi launakerfi án formlegra vinnurannsókna þar sem það þykir henta að mati beggja aðila.

i) Tilfærsla fimmtudagsfrídaga. Heimilt er að semja svo um á vinnustað að sammingsbundið frí vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta, sem báðir eru ávallt á fimmtudögum, sé flutt á annan virkan dag, t.d. föstudag eða mánudag, eða tengt annarri frítöku starfsmanna. Frávik frá almennum reglum kjarasammingsins umfram ofangreind mörk eru því aðeins heimil að fyrir liggja samþykki viðkomandi stéttarfélags og samtaka vinnuveitenda.

### 1.10.3. Launaseðlar

---

Á launaseðlum skal sundurliða greiðslur, m.a. í dagvinnu, yfirvinnu og stórhátíðarvinnu. Einnig skal allur frádráttur sundurliðaður. Orlofslaun skulu skráð á launaseðil skv. orlofslögum, m.a. orlof af dagvinnu og yfirvinnu, ef við á. Einnig skal tiltaka áunnin frítökurétt skv. gr. 2.4.2.

## 10.2. Orlofssjóður

---

10.2.1. Vinnuveitendur greiði sérstakt gjald í orlofssjóði viðkomandi félags er nemi 0,33% af útborguðu kaupum reiknuðu á sama hátt og gert er varðandi greiðslur til sjúkrasjóða. Vinnuveitendur greiði gjald þetta samhliða sjúkrasjóðsiðgjaldi.

10.2.2. Til orlofssjóðsins er stofnað í þeim tilgangi að stuðla að byggingu orlofsheimila og auðvelda starfsmönnum að njóta orlofsdvalar.

## Orlof í sauðfjárslátrun

---

24.7. Innvinnsla orlofs (sérákvæði við sauðfjárslátrun)

Við ákvörðun starfstíma til orlofs ávinnst orlofsréttur sem nemur 1,5 sinnum unninn vinnutími í sauðfjárslátrun.

## Bókun um réttarstöðu starfsmanna við eigendaskipti að fyrirtæki

---

Samningsaðilar eru sammála um, að eigendaskipti að fyrirtækjum eða samruni fyrirtækja geti ekki breytt ráðningarkjörum, þar með talið orlofs- og veikindarétti starfsmanna, nema undan hafi farið uppsögn ráðningarsamnings. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur aðila breytist ekki við eigendaskipti að fyrirtæki. Aðilar eru sammála um, að fyrri eigandi kynni fyrirhugaðar breytingar á rekstri eða sölu fyrirtækis, með eins miklum fyrirvara og kostur er. Við eigendaskipti að fyrirtæki gengur hinn nýi eigandi inn í réttindi og skyldur fyrri eiganda gagnvart starfsfólki nema um annað hafi sérstaklega verið samið við fyrri eigendur. Telji hinn nýi eigandi sig þannig óbundinn af ráðningarsamningum fyrri eiganda ber honum að tilkynna starfsmanni það strax og hann tekur við rekstri fyrirtækisins. Ef svo er, er fyrri eigandi skuldbundinn til að greiða starfsfólki uppsagnarfrest skv. Ráðningarsamningi eða kjarasamningi. Samsvarandi reglur gilda við leigu fyrirtækis svo og sölu eða leigu fyrirtækis eftir gjaldþrot, enda taki samningur til rekstrar fyrirtækis en ekki einvörðungu til húsnæðis, tækja og annars búnaðar. [1990]





## **Samningur SGS við Fjármálaráðherra vegna starfsmanna við ríkisstofnanir**

---

### **4.1 Lengd orlofs**

---

**4.1.1** Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá óyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að vaktskrá haldist óbreytt.

**4.1.2** Starfsmaður sem nær 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsmaður sem nær 38 ára aldri, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

**4.1.3** Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur í gr.4.1.1 skal halda honum en um frekari ávinnslu fer skv. gr. 4.1.2.

### **4.2 Orlofsfé og orlofsuppbót**

---

#### **4.2.1 Orlofsfé**

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%. Einfaldur meirihluti starfsmanna á stofnun getur valið milli þess að halda vaktaálagi í orlofi eða að fá greitt orlofsfé á vaktaálag samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

#### **4.2.2 Orlofsuppbót**

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 24.300

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelld starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. Öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé. *Orlofsuppbót í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetraffjölda sem greiddur er tímabilið 1. júní - 30. apríl þannig að 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.*

### **4.3 Orlofsárið**

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

### **4.4 Sumarorlofstími**

4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 2. maí til 15. september.

4.4.2 Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því komið við vegna starfa stofnunarinnar.

4.4.3 Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Sama gildir um sumarleyfi, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar.

### **4.5 Ákvörðun orlofs**

4.5.1 Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um hvenær orlof skuli veitt og skal það veitt á sumarorlofstíma sé þess óskað af hálfu starfsmanna og því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar. Nema sérstakar ástæður hamli, skal yfirmaður að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast.

### **4.6 Veikindi í orlofi**

4.6.1 Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs. Tilkynna skal yfirmanni strax með símtali eða símskeyti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða.

### **4.7 Frestun orlofs**

4.7.1 Nú tekur starfsmaður ekki orlof eitthvert ár. Á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

4.7.2 Nú tekur starfsmaður ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni yfirmanns síns og geymist þá orlofið til næsta árs, ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

4.7.3 Komi starfsmaður úr öðru starfi án þess að hafa þar notið áunnins orlofs, þá á hann rétt á launalausum leyfi þar til fullu orlofi er náð.

### **4.8 Áunninn orlofsréttur**

4.8.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns með innborgun á launareikning hans.

### **4.9 Orlofssjóður**

4.9.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í orlofssjóði viðkomandi aðildarféлага. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildarlaunum félagsmanna í þjónustu ríkisins. Gjaldið skal greiða mánaðarlega eftir á skv. Útreikningi launagreiðanda.

## ***Samningur AFLs Starfsgreinafélags við SA vegna veitinga-og gistihúsa og hliðstæðrar starfssemi***

---

### **5. KAFLI** ***Um orlof***

---

#### **5.1. Orlofsréttur**

Lágmarksorlof skal vera 24 dagar, 10,17% samanber orlofslög. Starfsfólk sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun. Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósentan er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orfsárinu sem hefst 1. maí 2008. Hinn 1. maí 2010 lengist rétturinn eftir 10 árástarf í sama fyrirtæki í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%. Starfsmaður sem hefur fenginn aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

#### **5.2. Orlof utan orlofstíma**

Sumarorlof er fjórar vikur, 20 virkir dagar, sem veita ber á tímabilinu 15. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þess tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem að ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem á vantar 20 dagana.

#### **5.3. Orlofsreikningar í banka**

Stéttarfélögum er heimilt að semja um þá framkvæmd við einstaka launagreiðendur, að orlofslaun séu jafnharðan greidd á sérstaka orlofsreikninga launþega í banka eða sparisjóði. Skal í slíkum samningi tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, greiði launþega áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við upphaf orlofstöku. Skylt er að afhenda félagsmálaráðuneytinu þegar í stað eintak af slíkum samningi og tilkynna um slit hans.

#### **5.4. Veikindi í orlofi**

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða

lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Samningur SA og SGS v/veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustaða ofl. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Bandaríkjunum, Sviss eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða

fleiri daga). Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Bandaríkjunum, Sviss eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 15. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

## **5.5. Almenn ákvæði**

**5.5.1.** Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof á hverjum tíma.

**5.5.2.** Við andlát starfsmanns skal áunnið orlof hans greitt til dánarbús hans með innborgun á launareikning eða með öðrum hætti.

...“úr fyrirtækjakafla samningsins – gr. 6.5...

e) Orlof fyrir yfirvinnu. Heimilt er að semja um að safna saman yfirvinnutímum og taka í stað þeirra orlof í jafn margar klukkustundir á virkum dögum utan háannatíma fyrirtækisins. Yfirvinnutímarnir koma til uppsöfnunar og greiðast síðar í dagvinnu en yfirvinnuálagið er greitt út.

g) Orlof. Heimilt er að ráðstafa hluta orlofs til að draga úr starfsemi eða loka á tilteknum dögum utan annatíma fyrirtækis.

## **Samningur AFLs Starfsgreinafélags við Launanefnd Sveitarfélaganna vegna starfsfólks sveitarfélaga**

---

### **4. Orlof**

---

#### **4.1 Lengd orlofs**

4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar eða 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof skal hann fá óbyggjandi upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miða við að varðskrá haldist óbreytt.

4.1.2 Sá starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. *Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur í 4.1.1 skal halda honum en um frekari ávinnslu fer samkvæmt 1. mgr.*

#### **4.2. Orlofslaun**

4.2.1 Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%, sbr. þó grein 4.2.5. Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem hér getur skal halda honum en um frekari ávinnslu fer samkvæmt 1. mgr. 4.2.2 Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu greiðist orlofsfé einnig á dagkaupið skv. 4.1.1 og 4.2.1.

4.2.3 Starfsmaður á föstum mánaðarlaunum fær greidd dagvinnulaun í orlofi miðað við meðaltal starfshlutfalls á orlofsárinu.

4.2.4 Lágmarksupphæð orlofsfjár fyrir fullt orlofsár skal nema 12% af maímánaðarlaunum orlofstökuársins í 107. launaflokki 3. þrepi.

4.2.5 Á vaktaálag starfsmanna í fastri reglubundinni vaktavinnu reiknast ekki orlofsfé. Í þess stað skulu starfsmenn halda vaktaálagsgreiðslum í sumarorlofi. Greiðslu vaktaálags skal miða við meðaltal síðustu 12 mánaða fyrir upphaf nýs orlofsárs. Vaktaálag er ekki greitt í helgidagafríi skv. gr.

2.6.7 Þótt það sé tekið í beinu framhaldi af sumarorlofi. Heimilt er stofnunum og stéttarfélögum að semja um aðra tilhögun þessara greiðslna og greiðist þá ekki orlofsfé á vaktaálag, sbr. gr. 4.2.1.

#### **4.3 Orlofsárið**

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

#### **4.4 Sumarorlofstími**

4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

4.4.2 Starfsmaður á rétt á að fá 192 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabilinu. Eigi starfsmaður lengra orlof skv. gr. 4.1.2. á hann rétt á að fá allt orlof sitt á sumarorlofstímabilinu, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar.

4.4.3 Þeir starfsmenn sem samkvæmt ósk vinnuveitenda fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu frá 33% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma.

#### **4.5 Ákvörðun orlofs**

4.5.1 Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli veitt á sumarorlofstíma ef því verður við komið vegna þarfa stofnunarinnar. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofstímabils hvenær það skal hefjast nema sérstakar ástæður hamli.

4.5.2 Við niðurröðun orlofs skal að því stefnt að það byrji og endi á reglulegu fríi nema samkomulag sé um annað. Þetta ákvæði gildir um samfellt frí vaktavinnumanna. Það á ekki við um orlof sem tekið er í styttri skömmtum. Við útreikning á orlofi skal tryggt að starfsmaður sem vinnur vaktavinnu, fái aldrei færri orlofsdaga en sem nemur úttalningu á orlofi í dögum skv. orlofslögum.

#### **4.6 Veikindi í orlofi**

4.6.1 Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindum nemur ekki til orlofs, enda tilkynni hann veikindin svo fljótt sem auðið er og sanni með læknisvottorði, að hann geti ekki notið orlofs.

#### **4.7 Frestun orlofs**

4.7.1 Nú tekur starfsmaður ekki orlof eitthvert ár og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

4.7.2 Nú tekur starfsmaður ekki orlof eða hluta af orlofi skv. beiðni yfirmanns síns og geymist þá orlofið til næsta árs ella ber honum þá yfirvinnukaup fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni.

#### **4.8 Áunninn orlofsréttur**

4.8.1 Áunninn orlofsréttur látins starfsmanns skal renna til dánarbús hans.

### **13.3 Orlofssjóður**

13.3.1 Launagreiðandi greiðir 1% af heildarlaunum félaga í orlofssjóð stéttarfélagins.

## Vaktafrí sveitarstjórnastarfsmanna

---

2.5.4 Fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, skal veita frí sem svarar 1 klst. fyrir hverjar 15 klst. á bakvakt að hámarki þó 80 klst. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Einungis er hægt að fá 80 stunda frí vegna þessa ákvæðis þótt bakvaktastundir séu fleiri en 1.200.

2.5.5 Unnar stundir á bakvöktum skulu ekki dregnar frá þegar bakvaktarstundir á ári eru taldar, sbr. gr. 2.5.4.

2.5.6 Leyfi skv. gr. 2.5.4 má veita hvenær árs sem er en ekki er heimilt að flytja það milli ára.

Heimilt er að semja við starfsmann um greiðslu í stað fría samkvæmt greinum 2.5.4. Greiðsla þessi miðast við tímakaup í dagvinnu samkvæmt gr. 1.4.1.

2.6.7 Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins, getur í stað greiðslna skv. gr. 2.3.2 fengið frí á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf í heilt ár. Vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga sbr. framanritað, skal auk þess launa með álagi skv. gr. 1.6.1, sé þessi kostur valinn. Ávinnsla leyfisins miðast við almanaksárið. Starfsmaður sem óskar eftir að breyta vali sínu á milli leyfis og greiðslu, skal tilkynna það skriflega til viðkomandi stofnunar fyrir 1. desember næst á undan. Með reglubundnum vöktum, skv. þessari grein, er átt við vaktir sem skipulagðar eru alla daga ársins að meðtöldum sérstökum frídögum og stórhátíðardögum.

## Fylgiskjal 1 – vegna vaktavinnufría

---

Vinnureglur um ávinnslu og töku helgidagafrís skv. gr. 2.11

**1. Ávinnsla** miðast við almanaksárið. Sá stundafjöldi sem tilgreindur er í viðkomandi samningsgrein, miðast við fulla vinnu allt árið. Þegar um fasta starfsmenn er að ræða eða starfsmenn sem ráðnir eru til a.m.k. eins árs, skal að jafnaði miða við að helgidagafrí ávinnist eftir mánaðafjölda í starfi og telst ávinnslan vera 7,33 klst. á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf eða starf hluta úr ári.

1.2 Veikindi á ávinnslutíma. Við ávinnslu helgidagafrís skerða veikindi ekki fríið.

1.3 Fæðingarorlof. Engin ávinnsla reiknast í fæðingarorlofi.

1.4 Launað leyfi á ávinnslutíma. Engin ávinnsla reiknast í launuðum leyfum aðfrátöldu orlofi og helgidaga- eða gæsluvaktafrí.

**2. Taka frísins** miðast við næsta almanaksár eftir ávinnsluár. Á sumarorlofstíma ber að taka sumarorlof á undan öðrum fríum.

2.1 Veikindi við töku frís. Um þau gilda sömu reglur og um veikindi í orlofi, þ.e.a.s. að tilkynna skal veikindin eins fljótt og auðið er og staðfesta þau síðan með læknisvottorði, sbr. gr. 4.8.1 í kjarasamningi. Að öðrum kosti eru þau ekki tekin gild.

**3. Framlenging töku.** Heimilt skal að framlengja tökutímabil helgidagafrís um allt að 2 mánuði vegna veikinda eða aðstæðna á deild/stofnun. Verði töku frísins ekki lokið innan 14 mánaða, skal greiða eftirstöðvar þess sem hlutfall af mánaðarlaunum 1. apríl ár hvert.

3.1 Langvarandi veikindi á tökutímabili. Ef um langvarandi veikindi á tökutímabili er að ræða, þ.e. í einn mánuð eða lengur, skal tökutímabil lengjast um jafn langan tíma.

3.2 Fæðingarorlof á tökutímabili. Lengja skal tökutímabil fría um allt að jafn löngum tíma og fjarvera vegna fæðingarorlofs.

**4. Fyrning fría.** Helgidagafrí fyrnist ekki, sbr. tl. 1.3 hér á undan.

**5. Starfslok.** Áunnið ótekið frí er reiknað sem hlutfall af mánaðarlaunum og greitt við starfslok. Semja má um töku slíks frís á uppsagnarfresti ef hægt er að koma því við vegna starfsemi stofnunar. Ekki skal nota ótekin frí til að lengja uppsagnarfrest starfsmanns.

**6. Yfirlit.** Stofnanir skulu leggja fram yfirlit um ávinnslu og töku fría a.m.k. tvisvar á ári, sem næst febrúar og október ár hvert.

**7. Gildistaka.** Vinnureglur þessar skulu koma til framkvæmda við ávinnslu helgidagafrís 2005.



## *Samningur AFLs við SA vegna iðnaðarmanna*

---

Almennt greiðist ekki orlof á orlofsuppbót/desemberuppbót nema:  
(Byggingarmenn)

Greiða skal orlof á desemberuppbót, sé hún greidd út jafnharðan.

Greiða skal orlof á orlofsuppbót, sé hún greidd út jafnharðan.

### *4. KAFLI Um orlof*

---

#### **4.1. Orlofslaun, orlofsfé, taka orlofs**

4.1.1. Um orlof skal fara að lögum nr. 30/1987. Þar er gert ráð fyrir því að orlofi af öllum tekjum megi breyta í orlofstíma. Þá er miðað við að orlof skuli greiða af öllum tekjum og hlunnindum að kostnaðarliðum undanskildum.

4.1.2. Lágmarksorlof skal vera 24 dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupmiðum að kostnaðarliðum undanskildum.

4.1.3. Laugardagar, sunnudagar og helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

4.1.4. Ljúki ráðningarsamningi starfsmanns og atvinnurekanda skal hann, atvinnurekandinn, greiða starfsmanninum öll áunnin orlofslaun hans.

4.1.5. Stéttarfélagi og atvinnurekanda er heimilt að gera með sér sam-komulag um reglulegar greiðslur inn á sérstakan bankareikning á nafni starfsmanns.

#### **4.2. Veikindi í orlofi**

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar.

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikind-in lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september eftir því sem kostur er, nema sérstaklega standi á.

#### **4.3. Orlofsauki**

##### **4.3.1. Málmiðnaðarmenn**

4.3.1.1. Starfsmaður, sem unnið hefur 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%.

Starfsmaður, sem unnið hefur 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á 27 virkum dögum og 11,59% orlofs-launum.

Starfsmaður sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki á rétt á 28 virkum dögum og 12,07% orlofslaunum.

Starfsmaður sem unnið hefur 10 ár í sama fyrirtæki á rétt á orlofi í 29 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,55%. Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og orlofsprósentan í 13,04%.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda, eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

#### **4.3.2. Byggingamenn**

4.3.2.1. Þeir sem starfað hafa lengur en 5 ár í iðn sinni skulu fá fjóra daga til viðbótar, í heild 28 daga, og hafa orlofsprósentu sem er 12,07%. Starfsmaður sem unnið hefur samfellt 5 ár í sama fyrirtæki á rétt á 29 virkum dögum og 12,55% orlofslaunum Starfsmaður sem unnið hefur samfellt 10 ár í sama fyrirtæki á rétt á 30 virkum dögum og 13,04% orlofslaunum.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda, eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

4.3.1.3. Námstími iðnnema í fyrirtæki telst til vinnu í starfsgrein eða til vinnu innan sama fyrirtækis.

4.3.1.4. Veita ber a.m.k. 20 virka daga, á tímabilinu 2. maí til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem vantar á 20 dagana.

#### **4.4. Dæmi um útreikning orlofslauna**

Eftirtaldir þættir verða að vera kunnir:

- A. Dagvinnutekjur án verkfæra og fatagjalds
- B. Yfirvinnutekjur án verkfæra og fatagjalds
- C. Bónustekjur án verkfæra og fatagjalds
- D. Aðrar tekjur án verkfæra og fatagjalds
- E. Orlofsprósentu
- F. Dagvinnukaup

Út frá þessum upplýsingum um tekjur er reiknað út hvað viðkomandi hefur unnið sér inn marga dagvinnutíma í orlofs-laun:

$$((A + B + C + D) * E/100) / F = \text{Orlofstímar.}$$

Þegar kemur að greiðslu orlofsins er upphæð orlofslaunanna fundin með því að margfalda saman orlofstímana, sem starfs-maðurinn hefur unnið sér inn, með dagvinnukaupinu sem gildir þegar viðkomandi fer í orlof sitt.

### **12.5. Hlutastörf**

12.5.1. Þeir, sem vinna hluta úr degi, skulu njóta sama réttar um greiðslu fyrir sammingsbundna frídaga, orlof, veikindi og slysa-daga, starfsaldurshækkningar o.fl., og þeir sem vinna fullan vinnu-dag. Skulu greiðslur þessar miðaðar við venjulegan vinnutíma viðkomandi aðila.

### **10. gr. iðnnemar**

Iðnnemar skulu njóta fullrar aðildar að sjúkrasjóði og orlofssjóði sveinafélags og skulu greiðslur til sjúkra- og orlofsheimilásjóðs vera þær sömu og sveina.

Iðnnemar eiga rétt á orlofi og orlofslaunum í samræmi við lög nr. 30/1987 um orlof.

## **Kjarasamningur milli Landssambands Verslunarmanna og SA**

---

### **4. Kafli Orlof**

---

#### **4.1. Orlofsréttur**

Lágmark orlofs skal vera 24 virkir dagar. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu, eftirvinnu eða yfirvinnu.

Við útreikning orlofs skal nota deilitöluna 21,67 (laugardagar ekki meðtaldir). Fyrstu 5 laugardagar teljast ekki til orlofs.

(Varðandi orlofslaun, skoðist sá fastur starfsmaður sem hefur minnst eins mánaðar uppsagnarfrest).

#### **4.2. Orlofstaka utan orlofstímabils**

Þeir sem skv. ósk vinnuveitanda fá ekki sumarfrí á þeim tíma sem lög gera ráð fyrir að sumarfrí sé almennt tekið, þ.e. á tímabilinu frá 2. maí til 15. september ár hvert, skulu fá 25% lengingu á þann hluta orlofs sem veitt er utan ofangreinds tíma eða greiðslu sem því nemur.

#### **4.3. Orlofsauki**

Eftir 5 ára starf í sömu starfsgrein skal starfsmaður hafa 25 daga orlof og skulu orlofslaun vera 10,64%. Eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 26 daga orlof og skulu þá orlofslaun vera 11,11%. Eftir 10 ára starf hjá sama fyrirtæki skal starfsmaður hafa 29 daga orlof og skulu þá orlofslaun vera 12,55%. Á orlofsárinu sem hefst 1. Maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og 26 dagar í 27 daga. (Réttur þessi tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008.

Áunninn réttur vegna starfa í sama fyrirtæki endurnýjast eftir þriggja ára starf hjá nýju fyrirtæki, enda hafi rétturinn verið sannreynður.

Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga að vetri nema um annað semjast.

- Um orlofsuppbót, sjá gr. 1.3.2.

#### **4.4. Ákvörðun orlofstöku**

Samkomulag við vinnuveitanda ræður hvenær orlof er tekið.

#### **4.5. Veikindi í orlofi**

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það vinnuveitanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (1 eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veik-indin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega

vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfs-maður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

#### **4.6. Orlofslög**

Að öðru leyti fer um orlof skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

#### **4.7. Fæðingarorlof**

Um fæðingar- og foreldraorlof fer skv. lögum nr. 95/2000 um sama efni.

Skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs skv. kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests.

Sama gildir ef kona þarf af öryggisásæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

.....

#### **9.2. Orlofssjóður**

Vinnuveitendur greiði til Orlofsheimilásjóðs verslunarmanna 0,25% af sama launastofni og lífeyrissjóðsiðgjöld eru reiknuð. Samningsaðilar eru sammála um að viðkomandi lífeyrissjóðir annist innheimtu gjalds þessa, ásamt jafnháu iðgjaldi til Félagsheimilásjóðs verslunarsamtakanna eða annarra vinnuveitenda, sem eru aðilar að samningi þessum, eftir nánari ákvörðun greiðanda.

Innheimtukostnaður skiptist jafnt.

## *Samningur AFLs við Útvegsmannafélag Austfjarða – Sjómannasamningar*

---

### **1.25. Orlofsfé.**

Orlofsfé skal vera 10.17%. Eftir 10 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 11,59%. Eftir 15 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 13,04%. Að öðru leyti fer um orlof samkvæmt lögum. Útgerðarmaður og skipstjóri skulu sýna fyllstu lipurð varðandi sumarleyfi skipverja.

### **1.14. Frí um jól, áramót og sjómannadag.**

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. **Þar af teljast 48 klst. til innunninna fría skv. samningi þessum.**

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987. **Á öllum skipum skal vera frí föstudaginn langa eða páskadag, þó skulu skip ef þau eru ekki í höfn föstudaginn langa eða páskadag, láta skipverja fá 1 aukafrídag sem nemur 1 sólarhring.**

Á skipum sem stunda veiðar eftir samningi þessum skal skipverjum tryggt hafnarfrí frá kl. 12.00 á hádegi á Þorláksmessu til kl. 24.00 annan í jólum **og frá kl. 24.00 á miðnætti aðfaranótt gamlársdags** til kl. 24.00 á nýársdag. Hafnarfrí um jól er heimilt að telja sem 30 klst. í lágmarkshafnarfríum samkvæmt kjarasamningi, en áramótafríð skal vera viðbót við lágmarkshafnarfrí samkvæmt kjarasamningi. **Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina eru frávíkjanleg** ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Sé siglt á sjómannadegi eða jólum skulu skipverjar fá 36 klst. frí til viðbótar samningsbundnu lágmarksfríu að siglingu lokinni.

### **1.15. Frítökur á fiskiskipum.**

Hafi skipverji í hyggju að taka frí frá störfum, skal hann bera fram ósk sína þar að lútandi við skipstjóra, áður en skipið kemur til hafnar í lok veiðiferðar. Að öðru leyti vísast til 18. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

## *Samningur AFLs við Landsvirkjun vegna virkjanaframkvæmda*

---

### *4 KAFLI Orlof*

---

#### 4.1. Lágmarksorlof

4.1.1. Lágmarksorlof er 24 dagar eða 10,17% af launum. Að öðru leyti fer um orlof skv. samningum viðkomandi landssambanda og SA og eftir gildandi lögum um orlof.

4.1.2. Þeir, sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki 21 dags sumarleyfi á tímabilinu 2. maí til 15. september, skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofstímans, sem veittur er utan ofangreinds tíma.

4.1.3. Þeir starfsmenn, sem rétt eiga til 1 mánaðar uppsagnarfrests eða meira, skulu taka orlofslaun, en um orlof af yfirvinnu þeirra fer skv. grein 4.1.1.

#### 4.2. Veikindi í orlofi

4.2.1. Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með

læknisvottorði. Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

## *Samningur AFLs við ALCOA Fjarðaál*

---

### *4 kafli. Orlof*

---

#### **4.1 Orlofsdagar**

Orlof fastráðinna starfsmanna er sem hér segir:

Fyrstu 5 árin 20 daga sumarorlof og 5 daga vetrarorlof

Næstu 5 árin 20 daga sumarorlof og 8 daga vetrarorlof

Eftir það 20 daga sumarorlof og 10 daga vetrarorlof

Starfsmaður sem öðlast hefur 28 daga orlofsrétt eftir 10 ára samfellt starf hjá sama atvinnurekenda fær hann að nýju eftir þriggja ára starf hjá Alcoa Fjarðaáli, enda hafi rétturinn verið sannreindur. Umreikna skal orlofsdaga yfir í orlofsstundir og svarar hver orlofsdagur m.v. fullt starf til 8 stunda hjá dagvinnuönnum og 7,64 stunda hjá vaktavinnuönnum. Þeir starfsmenn sem samkvæmt ósk félagsins fá ekki 20 orlofsdaga á tímabilinu 2. maí til 15. september skulu fá 25% lengingu á það sem á vantar 20 dagana.

#### 4.2 Orlofslaun

Orlofslaun reiknast sem hér segir:

10,64% m.v. 25 daga orlof

12,07% m.v. 28 daga orlof

13,04% m.v. 30 daga orlof

Orlofslaun skulu greidd við upphaf orlofstöku ár hvert vegna liðins orlofsárs. Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um orlof nr. 30/1987

#### 4.3 Veikindi orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það félaginu, t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni

hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga). Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar.